

stefnda, Útvegsbanka Íslands h/f, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1934.

Nr. 108/1934. **Réttvísín** (Bjarni P. Johnson)
 gegn

Vernharði Eggertssyni
 (Lárus Fjeldsted).

Innbrotspjófnaður. Ítrekaður.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 30. dez. 1933: Ákærður Vernharður Eggertsson, sæti fjórtán mánaða betrunarhússvinnu.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þjófnaður ákærða úr vörugymsluhúsi Tómasar M. Guðjónssonar heyrir undir 8. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928, sbr. 231. gr. 4. tölulið hinna almennu hegningarlaga, og innbrot hans og tilraun til þjófnaðar úr vínverzlun ríkisins í húsinu Njarðarstíg 1 er einnig refsivert eftir sömu lagagreinum, sbr. 46. gr. hegningarlaganna. Að því athuguðu að ákærði hefir með aukaréttardómi Reykjavíkur 16. febr. 1933 verið dæmdur í 12 mánaða betrunarhússvinnu fyrir innbrotspjófnað eftir að hann á árunum 1931 og 1932 hafði þrisvar sinnum verið dæmdur í sama rétti fyrir einfaldan þjófnað og að hann hefir enn fremur með dómi hæstaréttar 7. f. m. verið dæmd-

ur í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviður-
væri fyrir brot gegn 238. gr. hegningarlaganna o.fl.
þykir refsing hans nú fyrir bæði framannefnd af-
brot sbr. 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega á-
kveðin af undirdómaranum 14 mánaða betrunar-
hússvinna. Og með því að einnig verður fallizt á
ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað í hér-
aði ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakar-
innar þar með talin málflutningslaun sækjanda og
verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal ó-
raskað.

Ákærði Vernharður Eggertsson, greiði
allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
talin málflutningslaun sækjanda og verjanda
fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutnings-
mannanna, Bjarna Þ. Johnson og Lárusar
Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lög-
um.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn Vern-
harði Eggertssyni frá Akureyri, gæzlufanga hér í fanga-
húsinu, fyrir brot gegn 23. kapitula hinna almennu heg-
ningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, 7. maí 1928
um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlög-
gjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru sem hér segir:

Aðfaranótt miðvikudagsins þess 13. þ. m. var brotin rúða í vörugeymsluhúsi Tómasar M. Guðjónssonar, afgreiðslumanns Bergenska gufuskipafélagsins og sameindaða gufuskipafélagsins, við Edinborgarbryggju hér í bænum og hvarf þaðan einn pappakassi með 100 ljósperum og einn trékassi með ljósmyndapappír. Ennfremur var hengilás, sem dyr hússins voru læstar með, snúinn til eða skekktur, þannig að ekki var unnt að opna hann fyrir en hann hafði verið réttur, þannig að svo virtist, sem reynt hefði verið að brjóta upp lás þennan. Sömu nótt var og brotitzt inn í kjallara, sem er að mestu ofan jarðar, undir húsinu nr. 1 við Njarðarstig, hér í bænum, þannig að hengilás, sem dyr á kjallaranum (að austanverðu) voru læstar með, var sprengdur upp og var brotinn upp geymsluklefi í kjallaranum, sem var negldur aftur og virtist hafa verið reynt að sprengja upp hlera, sem er í loftinu yfir kjallara þessum, en þar upp yfir er verslunarbúð vínverzlunar ríkisins, en ekki varð þess vart, að neinu hefði verið stolið úr kjallara þessum.

Grunur féll þegar á ákærðan og Óskar Lárusson, sjómann, sem var með honum um kvöldið og nóttina, er innbrotin voru framin, um að hafa framið innbrot þessi og þjófnað, en ákærður kom hingað með e.s. „Esju“ þann 12. þ. m., eða daginn áður en innbrotin voru framin og hafði verið með nefndum Óskari Lárussyni þann dag, eftir að hann (ákærður) kom hingað og þá um kvöldið og nóttina, er innbrotin voru framin og var nefndur Óskar Lárusson því tekinn fastur og settur í gæzluvarðhald þann 13. þ. m., eða daginn eftir að innbrotin voru framin, en er réttarrannsókn byrjaði hér út af innbrotum þessum og þjófnaði nefndan dag, var ákærði farinn burt úr bænum og hafði farið með vélbát héðan til Stokkseyrar snemma um morguninn og símaði því dómarrinn til sýslumannsins í Árnassýslu um grun þann, er væri um að ákærður hefði framið innbrot þessi og þjófnað og um líkur þær, er voru fyrir því og náði sýslumaður í ákærðan á vinnuhælinu á Litla Hrauni og í vélasal vinnuhælisins fannst pappakassi með 99 ljóskúlum og einu pappahulstri utan af ljóskúlu, tómu og þrír litlir pappakassar með ljósmyndapappír og var ákærður tekinn fastur þar og úrskurðaður í gæzluvarðhald, en fyrir lögreglurétti Árnæs-

sýslu neitaði ákærður að hafa framið umrædd innbrot og þjófnað og neitaði að svara spurningum dómarans um hvort hann hefði haft meðferðis framangreindar vörur. er fundust á vinnuhælinu og var hann því sendur hingað vegna framhaldsrannsóknar málsins.

Við rannsókn málsins hér, hefir ákærður játað að hafa framið framangreind innbrot og að hafa stolið framangreindum vörum, sem hurfu úr vörugeymsluhúsi Tómasar M. Guðjónssonar, en fyrnefndur Óskar Lárusson hefir neitað að hafa átt nokkurn þátt í innbrotum þessum eða þjófnaði og hefir ákærður eindregið haldið því fram, að hann hafi framið innbrotin og þjófnaðinn einn og að hann hafi þá verið skilinn við Óskar Lárusson.

Ákærður kveðst hafa verið með nefndum Óskari Lárussyni daginn áður en hann framdi þjófnað þennan og þá um kvöldið og fram á nóttina og kveðst hafa drukkið brensluspiritús með honum og kveðst hafa farið með honum víða um bæinn um nóttina og kveðst hafa staðið með Óskari þessum við hús norðan við götu þá, er liggur norðan við hús það, er vínverzlun ríkisins er í, beint á móti vínverzluninni og drukkið brensluspiritús úr flösku, er ákærður hafði keypt í lyfjabúðinni hér um kvöldið, — kl. að ganga fjögur um nóttina, að ákærður hyggur og kveður ákærður að sér hafi þá hugkvæmst að brjótast inn í vínverzlunina og stela þar áfengi, en hann kveðst hafa vitað hvar vínverzlunin var, vegna þess, að hann kveðst hafa spurt um það og fengið upplýsingar um það strax og hann kom í land hér. Hann kveður Óskar Lárusson þá hafa verið orðinn mikið ölvaðan og kveðst ákærður því hafa viljað losna við hann áður en hann fremdi innbrotið, bæði vegna þess, hve ölvaður Óskar var og vegna þess að honum (ákærða) þótti öruggara að framkvæma innbrotið einsamall og kveðst hann því hafa haft orð á því við Óskar, að honum „veitti ekki af að fara að leggja sig“, og kveðst því næst hafa gengið með Óskari áleiðis heim til hans og laumast frá honum á götunni. Óskar Lárusson hefir kannazt við að hafa verið með ákærðum daginn áður en innbrotin voru framin og þá um kvöldið og kveðst (eins og ákærður hefir einnig skýrt frá), hafa setið heima hjá sér með ákærðum um kvöldið og drukkið þar brensluspritt, en heldur fram, að hann

hafi orðið svo ölvaður, að hann muni ekkert hvað gerðist þá um kvöldið, eða nóttina eftir það.

Ákærður kveðst því næst, er hann skildi við Óskar, hafa gengið til baka að vinverzluninni, stolið felgjujárnir úr bifreið, sem hann kveður hafa staðið þar skammt frá, og sprengt upp með felgjujárninu hengilás, sem dyrnar á fyrnefndum kjallara voru læstar með, farið inn í kjallaranum, sem hann kveðst hafa búizt við að vin væri geymt í, og kveðst hann hafa kveikt á eldspítum til að litast um í kjallaranum og kveðst þá hafa séð þar inni hurð á herbergi, beint á móti útidyrnunum og kveðst hann hafa búizt við að vin væri geymt inni í því herbergi, þar eð hann sá slíkt ekki annars staðar í kjallaranum.

Hurð þessi var negld aftur og kveðst ákærður hafa sprengt hana upp að neðan, með fyrnefndu felgjujárn, svo að hann gat náð þar undir hurðina með höndunum og sprengdi hana svo upp með höndunum, en fann þar ekkert annað en koks, og kveðst hann þá hafa farið upp í stiga, sem er í kjallaranum og reynt að sprengja upp hlera, sem er í loftinu uppi yfir stiganum, í þeim tilgangi, að reyna að komast upp í húð vinverzlunarinnar, sem hann vissi að mundi vera þar uppi yfir, en hlera þennan, sem var negldur aftur, tókst honum ekki að sprengja upp og fór hann þá burt úr húsinu og kveðst þá hafa fleygt umræddu felgjujárn hjá húsinu, en ekki hefir það fundizt.

Ákærður kveðst því næst hafa gengið niður að höfn og kveðst þá aðallega hafa haft í hyggju að ná sér í cigarettur og kveðst hann hafa stigið upp á tunnur, sem stóðu hjá húsi þar (fyrnefndu vöruheymsluhúsi) og kveðst hann þá hafa séð, að einhverjar vörur voru í húsinu og kveðst hafa brotið rúðu úr glugga á suðurgafli hússins og farið þar inn um glugga og stolið þar framangreindum kössum með ljóskúlum og ljósmyndapappir og hefir játað, að hafa opnað og athugað nokkra pakka þar, í þeim tilgangi, að sjá hvort cigarettur væri í þeim, en hann kveðst ekki muna eftir, að hann hafi reynt til að komast inn um dyrnar á vöruheymsluhúsi þessu, eða að sprengja upp lásinn fyrir þeim. Hann kveðst því næst hafa farið með umrætt þýfi með sér til Stokkseyrar með v.b. „Herjólf“ um morguninn og kveður vörur þær, er fundust á vinnuhælinu á Litla Hrauni, er hann var tekinn þar fastur og

sem voru sendar með honum hingað, vera þær sömu og hann stal úr fyrnefndu vörugeymsluhúsi og kveðst hann hafa tekið ljósmyndapappírinn úr trékassa þeim, er hann var í og fleygt kassanum á leiðinni til Stokkseyrar og rifið af ljósakúlukassanum miða, er skrifað hafi verið á skammstafað nafn viðtakanda.

Framangreind játning ákærðs kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að öðru en því, að eitt vitnið hefir borið það í málinu, að það hafi ca. kl. 3,15 umrædda nótt séð fyrnefndan Óskar Lárússon og mann, sem vitnið þekkti ekki, en sem eftir lýsingu vitnisins virðist hafa verið ákærður, standa við hús norðan við Njarðarstíginn, beint á móti vinverzlun ríkisins, og að maður sá, er eftir lýsingu vitnisins virðist hafa verið ákærður, hafi haldið á einhverju í hendinni, sem vitninu virtist vera mjótt járn, ca. $\frac{1}{2}$ alin á lengd, en ákærður, sem hefir kannast við að hafa verið með Óskari Lárússyni á þeim slóðum, sem umræðir í framburði vitnisins, hefir eindregið neitað að hafa þá verið búinn að ná í járn það, sem hann notaði við innbrotið á Njarðarstig 1, eða nokkurt járn, en kveður þó geta verið, að hann hafi tekið upp eitthvað á götunni, er hann kunni að hafa haldið á, er vitnið sá þá Óskar og hann, en sem hann kveðst þá muni hafa kastað aftur á götuna, og ekki þóttu svo miklar líkur koma fram í málinu fyrir því, að Óskar Lárússon væri við þjófnað þennan eða innbrot riðinn, að ástæða þætti til að höfða mál gegn honum út af því, enda ástæður þær, sem ákærður hefir fært fyrir því, að hann hafi viljað losna við Óskar og skilið við hann áður en hann framdi innbrotin sennilegar, þó framburður hans um að hann, sem er öllu ókunnur hér, um að hafa framið umrædd innbrot einn, á þann hátt, er hann gerði það, sé grunsamlegur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 4. dezember 1909. Hann hefir setið í gæzluvarðhaldi frá því þann 14. f. m. þar til nú. Hann hefir áður verið dæmdur til hegningar sem hér segir:

Með dómi aukaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 23. sept. 1931, var hann dæmdur í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir einfaldan þjófnað.

Með dómi sama réttar uppkveðnum 28. október 1931

var hann dæmdur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fjóra mánuði fyrir einfaldan þjófnað.

Með dómi sama réttar uppkveðnum 7. júní 1932 var hann dæmdur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í sex mánuði fyrir einfaldan þjófnað.

Með dómi sama réttar uppkveðnum þann 16. febrúar 1933 var hann dæmdur í 12 mánaða betrunarhússvinnu fyrir innbrotþjófnað.

Með dómi sama réttar uppkveðnum þann 9. þ. m. var hann dæmdur í þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500.00 króna sekt til rikissjóðs fyrir brot gegn 238. gr. hinna almennu hegningarlaga, gegn 20. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 1930, 5. og 6. gr. bifreiðarlaganna nr. 71 1931, og 45. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Lýsingin í 4. tölulið 231. gr. hinna almennu hegningarlaga á við um framangreint framferði ákærðs (innbrotið og þjófnaðinn úr vörugeymsluhúsi Tómasar Guðjónssonar), og ber því að dæma hann til refsingar fyrir það samkv. 7. gr. sbr. 6. gr. sbr. og 8. gr. laga nr. 51 7. maí 1928 og innbrotið í Njarðarstig 1 og tilraun hans til þess að brjótast inn í verzlunarhús vinverzlunar ríkisins til þess að stela þar, ber að heimfæra undir sömu lagagreinar, sbr. 46. gr. hinna almennu hegningarlaga og loks hefir hann, með því að stela framangreindu felgugjarni brotið gegn 6. gr. laga nr. 51, 1928, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, eftir atvikum hæfilega ákveðin fjórtán mánaða betrunarhússvinna.

Svo greiði og ákærður allan kostnað málsins, þar á meðal kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

